



21. ágúst 2020

Tilv.: 2008062

Nefndasvið Alþingis
Alþingi
Reykjavík


Með tölvupósti dags. 14. ágúst 2020 óskaði velferðarnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um drög að breytingartillögu við 2. gr. frumvarps til laga um húsnæðismál (hlutdeildarlán), 926. mál.


Seðlabanki Íslands vísar til umsagnar sinnar um frumvarp til laga um hlutdeildarlán, dags. 19. júní 2020 þar sem fram kom að eins og frumvarpið væri úrfært teldi bankinn að líkleg efnahagsleg áhrif og áhrif á fjármálastöðugleika af upptöku hlutdeildarlána yrðu lítil. Tekið var fram að þetta mat væri bundið áformunum eins og þau voru sett fram, þ.e. að hlutdeildarlán yrðu ekki útvíkkuð frá því sem fólst í frumvarpinu. Yrðu einhverjir þættir útvíkkaðir eða rýmkaðir frá því sem frumvarpið kvæði á um, t.d. tekjumörk, hlutfall hlutdeildarlána af kaupverði eða gerð húsnæðis, gæti það haft þau áhrif að Seðlabankinn sæi sig knúinn til þess að grípa til mótvægisáðgerða eins og nánar var lýst í umsögn bankans. Í umsögninni var einnig vakin athygli á atriðum sem bankinn taldi ástæðu til að huga að. Bankinn áréttar þessi sjónarmið.

Breytingarnar sem óskað er umsagnar um gefa fæstar tilefni til breytingar á fyrra mati bankans á áhrifum samþykktar frumvarpsins. Þó er óljóst hvað felst í seinni málslið breytingartillögunnar við e-lið 2. greinar og hvort hugsunin sé sú að ráðherra fái heimild til setningar reglna í því skyni að auka úthlutun hlutdeildarlána án lagabreytingar („...er mikilvægt að löggjöfin geri stjórnvöldum kleift að bregðast við án þess að slíkt kalli á lagabreytingu“ – *úr skýringum við breytingar á e-lið*). Hver sem hugsunin er hér áréttar bankinn álit sitt sem vísað er til að ofan og var nánar lýst í umsögninni í júní, þ.e. að mat bankans á áhrifum hlutdeildarlána væri bundið áformunum eins og þeim var lýst í frumvarpinu. Fulltrúar bankans sem mættu á fund nefndarinnar fyrr í sumar lögðu einmitt áherslu á að yrði slakað á takmörkunum sem felast í frumvarpinu þyrfti bankinn að endurskoða mat sitt á efnahagslegum áhrifum þess og áhrifunum á fjármálastöðugleika.

Virðingarfyllst

SEÐLABANKI ÍSLANDS


Asgeir Jónsson
seðlabankastjóri


Rannveig Jónisdóttir
framkvstj. skrifstofu bankastjóra